



# VIIS: Ársreikningur ársins 2020

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2020 var staðfestur af stjórn og forstjóra á stjórnarfund í þann 25. febrúar 2021. Ársreikningurinn verður lagður fyrir aðalfund VIIS þann 19. mars til samþykktar.

## Helstu niðurstöður ársins 2020

- Hagnaður var 1.798 milljónir kr. árið 2020 í samanburði við 2.527 milljónir kr. árið 2019
- Samsett hlutfall fyrir árið 2020 var 109,8% samanborið við 97,5% árið áður
- Iðgjöld ársins 2020 voru 22.496 milljónir kr. samanborið við 23.351 milljón kr. árið 2019
- Fjárfestingatekjur ársins voru 5.284 milljónir kr. samanburði við 3.551 milljón kr. árið 2019
- Arðsemi eigin fjár var jákvæð um 12,0% í samanburði við 17,2% árið 2019
- Hagnaður á hlut er 0,95 en var 1,33 árið áður

## Helstu niðurstöður 4F 2020

- Hagnaður tímabilsins var 1.813 milljónir kr. samanborið við 729 milljónir kr. á sama tímabili 2019
- Afkoma afvátryggingarekstri tímabilsins var neikvæð um 804 milljónir kr. samanborið við 240 milljóna kr. jákvæða afkomu á sama tímabili 2019
- Samsett hlutfall tímabilsins var 115,3% en var 97,4% á 4F 2019
- Iðgjöld tímabilsins voru 5.562 milljónir kr. í samanburði við 6.077 milljónir kr. á 4F 2019
- Tekjur af fjárfestingastarfsemi voru 2.724 milljónir kr. en voru 987 milljónir kr. á sama tímabili 2019

## Helgi Bjarnason, forstjóri VIIS:

„Árið 2020 var sérstakt fyrir margra hluta sakir. Undirliggjandi tryggingarekstur ársins var góður m.a. vegna áhrifa af kórónuveirufaraldrinum. Neikvæð matsþróun undanfarin ár leiddi til þess að aðferðafræði við tryggingafræðilega útreikninga á tjónaskuld var aðlöguð og endurskoðuð til að lágmarka neikvæða matsþróun til framtíðar. Styrking tjónaskuldar, matsbreitingar og endurskoðuð aðferðafræði er stærsta ástæða þess að tjónaskuldin hækkaði um tæpa þrjá milljarða króna sem hafði veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu síðasta árs. Hagnaður ársins 2020 var 1.798 milljónir króna í samanburði við 2.527 milljónir króna árið 2019. Samsett hlutfall ársins var 109,8% boríð saman við 97,5% árið á undan.

Þess ber að geta að stjórn félagsins hefur samþykkt endurkaupaáætlun að fjárhæð allt að 500 milljónir kr., með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftrills Seðlabanka Íslands, og þá leggur stjórn til við aðalfund félagsins að samþykkt verði arðgreiðsla til hluthafa upp á rúmlega 1,6 milljarð króna.

## Besti árangur í fjárfestingum frá skráningu félagsins

Árangur í fjárfestingum á síðasta ári var sá besti frá skráningu félagsins. Fjárfestingatekjur ársins voru 5,3 ma.kr. eða 14,0% nafnávöxtun yfir tímabilið. Skráð hlutabréf skiluðu rúmlega 35% ávöxtun á árinu. Erlend skuldabréf skiluðu góðri afkomu á fjórða ársfjórðungi, sem og árinu í heild, en erlendar fjárfestingar telja nú um 10% af heildarsafni félagsins. Þess ber að geta að þær eru gengisvarðar að fullu. Fjárfestingaeignir í lok ársins námu 41 ma.kr. Um 37% af safninu eru í hlutabréfum og þar af 27% í skráðum innlendum hlutabréfum.

## Öruggara samfélag – er betra samfélag

Þráttr fyrir krefjandi aðstæður sem sköpuðust á síðasta ári vegna faraldursins þá gekk starfsemin vonum framar. Ég er stoltur af starfsmönnum félagsins sem sýndu og sönnuðu hvað í þeim býr. Þetta er samhentur hópur öflugra starfsmanna – með skýr markmið.

Segja má að faraldurinn hafi verið prófsteinn fyrir stafræna þróun víða í samfélaginu og þar var VIIS engin undantekning. Þjónustan var færð alfarið á netið um miðjan marsmánuð og viðskiptavinir félagsins brugðust vel við þeirri breytingu. Þeir nýttu sér óhikað stafrænar lausnir félagsins. Mánaðarlegum innskráningum á vis.is hefur t.a.m. fjölgað um nær 400% frá því að stafræn vegferð félagsins hófst fyrir um þremur árum. Þess ber að geta að innskráningar jukust um tæp 90% á síðasta ári. Þá var einnig sett met í hlutfalli rafrænna tjónstilkynninga en um 60% allra tjóna eru nú tilkynnt rafrænt.

I marsmánuði verður hægt að tryggja sér Ökuvísi – sem er byltingarkennd nýjung á íslenskum tryggingamarkaði. Þetta er app sem gefur aksturslagi einkunn og bendir viðskiptavinum okkar á uppbryggilegan hátt á hvað megi gera betur. Með virkri endurgjöf er hægt að hjálipa viðskiptavinum okkar að lenda sjaldnar í umferðaráhappi. Því betur og minna sem viðskiptavinir okkar keyra, því minna borga þeir. Þannig stjórnar þeir ferðinni, í orðsins fyllstu merkingu. Markmið verkefnisins er skýrt. Að breyta umferðarmenningunni í samvinnu við viðskiptavinina – og fækka þar með umferðarslysum hér á landi. Öruggara samfélag er betra samfélag. Ég heffulla trú á að þessi nýjung falli í góðan jarðveg hjá viðskiptavinum okkar.

Þráttr fyrir ýmsar áskoranir sem fylgdu alheimsfaraldrinum þá fékk félagið góðan byr í seglin í átt að framtíðarsýninni – að vera stafrænt þjónustufyrirtæki sem breytir því hvernig tryggingar virka.“



## Kynningarfundur

Kynningarfundurinn vegna uppgjörsins fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn föstudaginn 26. febrúar, klukkan 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 3.

Helgi Bjarnason, forstjóri félagsins, mun kynna uppgjörið og svara spurningum.

Við biðjum þá sem hafa hug á að mæta á fundinn að senda tölvupóst á [fjarfestatengsl@vis.is](mailto:fjarfestatengsl@vis.is) svo við getum haldið vel utan um fjölda þeirra sem mæta.

Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu og nálgast upptöku að honum loknum á vefsíðinni:  
<https://www.vis.is/fjarfestafundir/>

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast hér: <https://www.vis.is/fjarfestaupplýsingar/>

## Fjárhagsdagatal

Aðalfundur 2021 || 19. mars 2021

Fyrsti ársfjórðungur 2021 || 29. apríl 2021

Annar ársfjórðungur 2021 || 19. ágúst 2021

Þriðji ársfjórðungur 2021 || 21. október 2021

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Erla Tryggvadóttir, samskiptastjóri VIS, í síma 660-5260 eða með netfanginu erlat@vis.is



## Rekstrarreikningur

	4F 2020	4F 2019	Br.	Br. %	12M 2020	12M 2019	Br.	Br. %
Iðgjöld tímabilsins	5.562	6.077	-514	-8,5%	22.496	23.351	-855	-3,7%
Hluti endurtryggjenda	-195	-168	-27	16,4%	-742	-797	55	-6,9%
Eigin iðgjöld	5.367	5.909	-542	-9,2%	21.754	22.554	-800	-3,5%
Fjárfestingatekjur	2.724	987	1.737	175,9%	5.284	3.551	1.734	48,8%
Aðrar tekjur	19	25	-5	-21,7%	65	97	-32	-32,8%
Heildartekjur	8.110	6.921	1.190	17,2%	27.104	26.202	902	3,4%
Tjón tímabilsins	-4.995	-4.761	-233	4,9%	-19.261	-17.576	-1.684	9,6%
Hluti endurtryggjenda	112	142	-30	-21,2%	291	569	-277	-48,8%
Eigin tjón	-4.882	-4.619	-263	5,7%	-18.969	-17.008	-1.962	11,5%
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	74	-125	199	-159,6%	-658	-405	-253	62,6%
Rekstrarkostnaður	-1.447	-1.274	-173	13,6%	-5.414	-5.531	118	-2,1%
Vaxtagjöld og virðisrýrnun viðsk.krafna	-153	-88	-65	73,6%	-447	-356	-91	25,7%
Heildargjöld	-6.407	-6.106	-301	4,9%	-25.488	-23.299	-2.188	9,4%
Hagnaður (tap) fyrir skatta	1.703	815	888	109,0%	1.616	2.902	-1.286	-44,3%
Skattar	110	-86	195	-228,0%	182	-375	557	-148,6%
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.813	729	1.084	148,6%	1.798	2.527	-729	-28,9%
Tjóna- og endurtr.hlutfall	91,3%	78,8%			87,6%	76,2%		
Kostnaðarhlutfall	24,0%	18,6%			22,2%	21,3%		
Samsett hlutfall	115,3%	97,4%			109,8%	97,5%		
Arðsemi eigin fjár	11,3%	4,9%			12,0%	17,2%		
Ávöxtun fjáreigna	6,8%	2,8%			14,0%	10,3%		

## Efnahagsreikningur

	31.12.2020	31.12.2019
Eignir		
Rekstrarfjármunir	606	670
Viðskiptavíld og aðrar óefnislegar eignir	1.670	1.360
Húsaleigueign	798	899
Skatteign	36	0
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	38.839	32.338
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	1.438	1.843
Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	1.622	1.530
Viðskiptakröfur	6.496	7.424
Endurtryggingaeignir	887	1.074
Aðrar kröfur	795	1.286
Handbært fé	1.576	1.930
Eignir samtals	54.762	50.354

## Eigið fé

Hlutafé	1.894	1.894
Lögbundinn varasjóður	626	626
Bundið eigið fé	5.455	2.793
Óráðstafað eigið fé	9.017	9.881
Eigið fé samtals	16.992	15.194

## Skuldir

Víkjandi skuldabréf	2.889	2.788
Tekjuskattsskuldbinding	0	136
Húsaleiguskuld	831	917
Vátryggingaskuld	30.073	27.577
Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	1.622	1.530
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	2.355	2.212
Skuldir samtals	37.770	35.160
Eigið fé og skuldir samtals	54.762	50.354



## Afkomuspá

Afkomuspá, sem birt var 29. janúar sl., gerir ráð fyrir því að samsett hlutfall fyrir árið 2021 verði 96,8%, ávöxtun fjáreigna verði 6,1% og hagnaður fyrir skatta 2.588 milljónir.

Fjárfestingastefna VÍS miðar að því að samsetning eigna hámarki ávöxtun miðað við þann áhættuvilja sem settur hefur verið. VÍS hefur skilgreint áhættuvilja félagsins út frá gjaldþolshlutfalli sem er á bilinu **1,35 – 1,70**.

Félagið tilkynnir, að öðru óbreyttu, sérstaklega ef frávik frá væntum hagnaði ársins 2021 fyrir skatta er umfram 300 milljónir króna.

### Spá 2021

Tjóna- og endurtryggingahlutfall	<b>75,4%</b>
Kostnaðarhlutfall	<b>21,4%</b>
Samsett hlutfall	<b>96,8%</b>
Hagnaður fyrir skatta	<b>2.588</b>
Ávöxtun fjáreigna	<b>6,1%</b>